



Stjórnarfundur 4 þriðjudaginn 1. september 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt: Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Árni Jón Eggertsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Steinn Einarsson

Afboð og mættu ekki: Hrafnhildur Theódórsdóttir og Brynja María Ólafsdóttir. Sævar var fjarverandi með leyfi.

Dagskrá

- Námskeið og dagsetningar
 - Dómaranámskeið
 - DataVolley
 - E-scoresheet
- Bikarkeppnin
 - Dregið í bikar
- Fjármál
- Önnur mál

Fundargerð

Formaður setti fundinn klukkan 16.35.

Dómaranefnd hefur ákveðið að halda dómaranámskeið í Reykjavík dagana 21.- 22. september næstkomandi.

Námskeið fyrir DataVolley og rafræna leikskýrslu verður haldið í Reykjavík 16. sept.

Bréf um efni þessara námskeiða verða send til viðkomandi félaga sem fyrst.

Nokkur umræða var um fyrirkomulag **bikarkeppinnar** og dráttinn í fyrstu umferð.

Fyrst var dregið í karlaflokk. Þar drógust saman **HK c og HK m** í Kraganum og **HSK og Keflavík** í Suðurkjördæminu.

Í kvennaflokk drógust saman **HSK og Hrunamenn** í Suðurkjördæminu. Keflavík situr yfir. **Próttur Nes b og Völsungur** drógust saman í Norðaustur kjördæminu. Í Kraganum drógust **HK w á móti Aftureldingu c**.

Formaður var minntur á það að vinna áfram að því að finna styrktaraðila fyrir bikarkeppnina.

Fjármál sambandsins eru í jafnvægi. Rætt var um að sambandið þyrfti að hafa afnot af kreditkorti til þess að nota þegar bóka þarf hinar aðskiljanlegustu flugferðir. Gjaldkeri athugar í samvinnu við framkvæmdastjóra hvaða kostir eru í boði.

Önnur mál.

Dómaranefnd mun ganga frá búningamálum dómara á næstunni og halda árlegan fund með dómurum þar sem farið verður yfir nýjustu breytingar á leikreglum auk starfsins framundan.

Fulltrúar BLÍ munu á næstu vikum sækja fundi NEVZA, SCD auk ársþings CEV.

Rætt var um þörf á því að setja ramma utan um niðurgreiðslur á fargjaldi þátttakenda í afreksbúðum BLÍ auk ferðakostnaðar landsliðsmanna innanlands.

Fulltrúar frá SportTv gátu ekki komist á fundinn en stefnt er að því að hitta þá sem fyrst.

Helstu verkefni A landsliðanna á næstunni eru þátttaka í Novotel cup um áramótin í Luxembourg, undankeppni SCD næsta vor og undankeppni HM í september.

A landsliði kvenna ásamt yngri liðum hefur verið boðið í æfinga- og keppnisferð til Ítalíu um páskana líkt og síðasta ár.

Lýst var yfir ánægju með árangur þeirra Berglindar og Elísabetar í EM U22 sem er nýlokið.

Einnig var rætt um það að biðja félögin tímanlega um allar upplýsingar sem varða leikmenn t.d. í sambandi við landsliðsferðir og úrslitahelgi bikarkeppinnar svo hægt verði að vinna úr þeim tímanlega.

Ákveðið var halda upplýsingafund með forsvarsmönnum félaga í Úrvalsdeild í tengslum við haustmót BLÍ.

Að lokum var rætt um starfsmannamál sambandsins .

Fundi slitið klukkan 17.59.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 19:00

Jason Ívarsson ritaði fundargerð